

# STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1975

17. febrúar 1975.

3

Nr. 3.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

2. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, breytist á þessa leið:

1. mgr. orðist svo: Stjórn háskólans er falin háskólaráði, rektor, háskólaritara og kennslustjóra.

3. mgr.: Niður falli í lok málsgreinarinnar orðin: „og að málum, er varða vísinda- og kennslustörf innan hennar.“

4. mgr. orðist svo: Háskólaritari og kennslustjóri hafa eftirlit með daglegri starfsemi háskólans. Þeir hlutast til um framkvæmd á samþykktum háskólaráðs og háskóladeilda og þeim ákvörðunum stjórnvalda, sem varða háskólann. Háskólaritari hefur í umboði rektors og háskólaráðs heimild til að skuldbinda háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega, hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar háskólans og framkvæmd hennar samkvæmt fjárlögum og hefur umsjón með sjóðum hans. Kennslustjóri annast í umboði rektors og háskólaráðs málefni, er snerta kennslu og kennara, húsnaði háskólans og búnað.

5. mgr.: Upphaf málsgreinarinnar orðist svo: Rektor, háskólaritari eða kennslustjóri leysa úr þeim málum, .....

#### 2. gr.

3. gr., 6. mgr., breytist á þá lund, að á undan orðunum: „Ef varaforseti er forfallaður“ komi ný setning, svohljóðandi: Varaforseti háskólaráðs gegnir og störfum rektors, ef hann forfallast vegna veikinda eða fær leyfi frá störfum.

#### 3. gr.

4. gr., 1. mgr.: Næstsíðasta setning málsgreinarinnar orðist svo: Háskólaritari og kennslustjóri eiga einnig sæti á fundum ráðsins og hafa þar málfrelsi og tillögu- rétt, en ekki atkvæðisrétt.

#### 4. gr.

Upphaf 7. gr., 1. mgr. orðist svo: Forseti Íslands skipar háskólaritara og kennslustjóra, að fengnum tillögum háskólaráðs.

#### 5. gr.

8. gr. orðist svo: Heimilt er að kveða nánar á í reglugerð um starfssvið og starfs- hætti háskólaráðs, rektors, háskólaritara og kennslustjóra. Háskólaráð setur öðru starfsliði skrifstofu erindisbréf.

**6. gr.**

Við 9. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að stofna til námsbrauta, sem veiti sérhæfða menntun, er leiði til háskólaprófs, þegar svo stendur á, að náminu verður ekki komið fyrir innan háskóladeilda. Háskólaráð kveður á um stofnun slíkra námsbrauta með samþykki menntamálaráðherra, að fengnum tillögum um námsskipan og stjórn. Nánari ákvæði um námsbraut skulu sett í reglugerð háskólans.

**7. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 17. febrúar 1975.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Vilhjálmur Hjálmarsson.*